

Ellefti fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 13. október 2016 kl. 20:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Herdís Þórðardóttir í fjarveru Atla, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setur fund og býður fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

Til afgreiðslu:

1. Gjaldskrá vegna Laugargerðisskóla. **Samþykkt samhljóma.**
2. Fjárhagsáætlun EM vegna 2017 fyrri umræða. **Samþykkt samhljóma til seinni umræðu.**
 - Staðgreiðsluáætlun lögð fram.
3. Kjörskrá lögð fram. **Engar athugasemdir gerðar, 80 eru á kjörskrá.**
4. Drög að Samningum við Landlínur. **Samningsdrög samþykkt með lagfæringum, oddvita falið að ræða lagfæringar við Landlínur.**
5. Erindi frá Brákarhlíð og varðar framlag til viðhalds og rekstur fasteigna. **Samþykkt með 4 atkvæðum. Gísli Guðmundsson situr hjá.**
6. Umsög um samgönguáætlun Vesturlands. **Hreppsnefnd fagnar gerð samgönguáætlunar Vesturlands á vegum SSV og þeirri miklu vinnu sem lögð er í hana. Hreppsnefnd hefur áhyggjur af girðingarmálum með vegum en í dag sér Vegagerðin um hluta af girðingum en landeigendur hluta. Hreppsnefnd vill beina þeim tilmælum til stjórnar SSV að því verði komið inn í samgönguáætlunina að brýnt verði að vegagerðin sjái alfarið um girðingar með vegum enda um mikið umferðaröryggismál að ræða.**

Mál í vinnslu:

7. Málefni Hitaveitu Eyja og Miklaholtshrepps. **Í framhaldi af síðasta hreppsnefndarfundi var fundur milli Konráðs og Einars Bjarndals þar sem hugmyndir hreppsnefndar voru útfærðar. Var sípan boðað til fundar með litlu hluthöfunum og farið yfir málið með þeim. Þeir eru núna að skoða tillögurnar og málið verður síðan metið eftir því hvaða viðbrögð koma frá þeim.**

Lagt fram til kynningar:

8. Fundargerð stjórnar SSV
9. Fundargerð stjórnarfundar Sorpurðunar 24.8.
10. Fundargerð aðalfundar Sorpurðunar
11. Fundargerð stjórnar Sorpurðunar frá 13 júní
12. Fundargerð 138 fundar Heilbrigðisnefndar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)

Herdís Þórðardóttir (sign)